

Safnaðarblað Akraneskirku

Mars 2004 - 1. tbl. 5. árg.



Kæri lesandi

Safnaðarblað Akraneskkirkju er nú gefið út í fimmta sinn á jafnmörgum árum. Hér gefur m.a. að líta fréttir og ljósmyndir af ýmsum viðburðum í safnaðarstarfinu á liðnu ári. Einnig eru birtar tvær ræður sem fluttar voru í kirkjunni.

Akraneskkirkja starfar á vettvangi lífsins alla daga, er þátttakandi á stærstu og helgustu stundum í lífi fólks, allt frá vöggu til grafar.

26 þúsund manns sóttu helgihald í Akraneskkirkju á síðasta ári, að útförum meðtöldum. Álíka margir sóttu samkomur af ýmsu tagi í Safnaðarheimilinu Vinaminni, svo sem fyrirlestra, námskeið, tónleika, erfidrykkjur og aðrar samkomur. Er þá enn ónefndur sá fjöldi fólks sem þiggur sálgæslu hjá kirkjunni og á samtöl við sóknarprest og annað starfsfólk kirkjunnar um ýmis málefni.

Við vonum, kæri lesandi, að þetta blað verði til þess að glæða áhuga þinn á starfinu í Akranessöfnuði og efla trú þína.

Safnaðarblað Akraneskkirkju

1. tölublað 5. árg. Mars 2004.

Útgefandi: Akranessókn.

Umsjón: Eðvarð Ingólfsson (ábm),
Indriði Valdimarsson.

Prentun: Prentverk Akraness hf.

Gefið út í 2400 eintökum.

Sóknarnefnd:

Þjóðbjörn Hannesson, formaður. Jóhannes Ingibjartsson, ritari. Brynja Einarssdóttir, Hörður Pálsson, Ingimar Magnússon, Magnús Oddsson, Sigríður Kr. Valdímarsdóttir, Sigríður Skúladsdóttir, Ragnheiður Grímsdóttir, Þóra Björk Kristinsdóttir.

Ljósmyndir af fermingarbörnum:
Myndsmiðjan.

Fermingarbörn í Skálholti

Fermingarbörn á Akranesi fóru, líkt og undanfarin ár, á fermingarnámskeið í Skálholti í fyrrihaust. Farið var í tveim hópum og var um dagsferð að ræða. Öll ungmenningin, 90 að tölu, fóru í ferðina.

Skálholt er bæði helgur staður og merkur. Þar sat biskup Akurnesinga fyrr á öldum. Fermingarbörnin fengu að kynnast sögu staðarins og njóta helgi og kyrrðar í hinni glæsilegu Skálholtsdómkirkju. Organistinn, *Madanyang Salomon frá Hilmar Örn Agnarsson*, talaði við þau um

sálmasöng og söng með þeim nokkra æskulýðssálma. Leikkonurnar, Guðný María Jónsdóttir og Ólöf Sverrisdóttir, kenndu tjáningu og sjálfsstyrkingu. Ungur maður frá Kenýu fræddi fermingarbörnin um lífskjörin í heimalandinu – en framundan var söfnunarátak handa fátækum í Afríku sem Akranesbörnin tóku þátt í.

Þessar ferðir í Skálholt hafa alltaf þótt bæði spennandi og skemmtilegar og ávallt staðið undir væntingum. Og ekki spilla hinar góðu veitingar,



Madanyang Salomon frá Kenýu talaði við fermingarbörnin.



Fylgst með skemmtilegu atviki.



Þátur í kvöldmat! Nóg handa öllum!

Efnisyfirlit

<i>Hugleiðing sóknarprests</i>	3
<i>Gegn vímuefnum!</i>	3
<i>Myndir úr ýmsum áttum</i>	4
<i>Sigurbjörn biskup heiðursgestur</i>	5
<i>Þjóðbátidarræða</i>	6
<i>Hjónavígslur 2003</i>	7
<i>Prédikun dr. Sigurbjörns Einarssonar</i>	8
<i>Blómlegt starf hjá kirkjukórnum</i>	10
<i>Myndir úr ýmsum áttum</i>	10
<i>Myndir af fermingarbörnum 2003</i>	11
<i>Fermingarbörn á Akranesi árið 2004 - nafnalisti</i>	14

sem bornar eru á borð í Skálholts-skóla, fyrir ánægjunni!

Það voru bæði þreyttir en glaðir krakkar sem komu heim aftur síðla kvölds eftir viðburðaríkan dag.

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

Að missa af lífinu!

Alltaf er til fólk sem heldur að það sé að missa af einhverju. Við lifum líka í heimi margra valkosta og gylliboða! Reynt er að koma því inn hjá okkur að við séum að missa af merkilegum tilboðum! Það er verið að bjóða síðustu flugsætin í sólina, síðustu jeppana á eðalkjörum, síðustu grillsneiðarnar á gjafverði o.s.frv.

Það hlýtur að vera óþægilegt að vera alltaf á tauginni yfir því að maður sé að missa af einhverju! En stóra spurningin er þessi: Erum við að missa af hlutum sem skipta máli? Erum við að missa af réttu tækifærunum sem gætu auðgað tilveru okkar og hamingju? Getur verið að við séum oft að eltast við fánýta hluti en gleymum að hlúa að því sem skiptir mestu máli fyrir líf okkar og heill? Hvers virði er t.d. vinátta og kærleikur, heilindi og trúmennska? Slíkt verður aldrei metið til fjár í kauphöllum nútímans.

Þeir sem eru deyjandi vita betur

en allir aðrir hve lífið er mikils virði, hvað heilsan er dýrmæt. Sérhver dagur er mikil guðsgjöf því hann kemur ekki aftur. Við fáum kannski ekki sömu tækifærin aftur.

Allt er þegið í þessu lífi. Við komum eignalaus í þennan heim og við förum héðan eignalaus. Við þiggjum sérhverja stund að gjöf. Við þiggjum sólargeislana sem hlýja okkur og veita okkur dýrmæta birtu, við þiggjum foreldra og systkini, vini og vandamenn, ávexti jarðar, fegurð himins og fjalla, líf og heilsu.

Guð gefur okkur dýrar gjafir. En hvernig gjöldum við honum á móti? Hverju skilum við til lífsins aftur? Við þurfum í því efni að hlusta vel eftir vilja Guðs. Og hver er hann? Jú, hann vill að við séum kærleiksrík og miskunnsöm við aðra – og hjálpfús við þá sem minna mega sín. Við eigum að elska það sem er gott og framkvæma það. Það heitir að lifa í trú.



Við ættum að hugsa vel um allar þær góðu gjafir sem við höfum eignast. Og við mættum líka hugsa um það hvort við séum ekki stundum, þegar allt kemur til alls, að missa af réttu tækifærunum sem gætu aukið hamingju okkar. Við ættum að hlusta eftir fleiru en síbyljunni í fjölmiðlunum og pípínu í gemsanum okkar. Guð er alla daga að reyna að ná sambandi við okkur – eftir sínum leiðum! Jesús Kristur vill fá að leiðbeina okkur á lífsins vegi. Við þurfum bara að gefa honum gaum. Biðjum hann að hjálpa okkur að greina himnið frá kjarnanum og vera með okkur í sérhverju góðu verki.

Guð gefi okkur öllum auðugt og innihaldsríkt líf!

Gegn vímuefnum!

Árlega heimsækja góðir gestir fermingarstarfið á Akranesi til að ræða við unga fólkið um vímuefni og skaðsemi þeirra. Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, tollgæslumaður, kom nú á aðventunni. Hafði hann vin sinn, leitarhundinn Bassa, með í för. Átti hann góða stund með unglingunum og sagði þeim frá ýmsu dapurlegu sem hann hefur reynt í starfi sínu.

Sr. Karl V. Matthíasson, prestur á sviði áfengis- og fíkniefnamála, kom fyrir nokkrum vikum og talaði við unglingana um vímuefnavandann. Náði hann, ekki síður en Þorsteinn, mjög vel til krakkanna sem spurðu margs.

Báðum þessum gestum var tekið fagnandi!



Sr. Karl ræðir við fermingarbörnin.

Myndir úr ýmsum áttum



Kirkjuskólinn var færður yfir á sunnudaga eftir áramótin – og heitir nú sunnudagaskóli. Leiðtogi er Sigríður Indriðadóttir kennari og hefur hún staðið sig frábærlega. Metaðsókn hefur verið í vetur.



Börnin í sunnudagaskólanum fylgjast spennt með.



Miklar framkvæmdir voru á lóð safnaðarheimilisins fyrr í vetur. Lóðin, sem hafði sigið mikið, var hækkuð og jöfnuð og tyrfd að nýju. Þeir Björn, Ragnar og Höskuldur unnu við þessar framkvæmdir.

Arni Tryggvason leikari skemmti eldri borgurum í safnaðarheimilinu í vetur. Hann sló í gegn – eins og hans var von og vísa!



Fermingarbörn á Akranesi tóku þátt í árlegri landssöfnun handa fátækum í Afríku síðastliðið haust. Að þessu sinni söfnuðust kr. 240 þús.



Mæðgurnar, Guðný Guðjónsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, komu til að hlýða á Árna. Húsfyllir var.



Prestar og kór Grafarvogskirkju messuðu með heimafólki 1. febrúar sl. Sr. Sigurður Arnarson prédikaði. Organistarnir, Hörður Bragason og Sveinn Arnar Sæmundsson, stjórnðu sameiginlegum kór.



Að morgni sjómannadags er haldin stutt minningarstund við minnismerkið í kirkjugarðinum. Þá er þeirra minnst sem hafði tók en skilaði ekki aftur.

Sigurbjörn biskup heiðursgestur á kirkjudegi Akurnesinga

Kirkjunefndin gaf glæsilegt ræðupúlt

Akranessöfnuður fagnar kirkjudegi sínum fyrsta sunnudag í nóvember ár hvert. Dagur þessi hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 1923 – að undanskildu einu ári, 1940, en það átti sínar skýringar.

Á þessum degi hefur verið sérstaklega vandað til kórsöngs og tónlistarflutnings – og frá árinu 1975 hefur verið venja að lesa nöfn allra þeirra sem látist hafa í söfnuðinum á liðnu ári. Á þann hátt hefur minningu látinna verið sýnd sérstök ræktarsemi – og á það vel við – þar sem kirkjudagurinn er haldinn hátíðlegur næst allra heilagra messu.

Dr. Sigurbjörn Einarsson bisk-

up, einn af mestu og virtustu kennimönnum íslenskrar kirkju fyrr og síðar, var heiðursgestur Akranessafnaðar á kirkjudeginum 2. nóv. sl. Þá var þess minnst að liðin eru 50 ár frá því að hann þjónaði í afleysingum á Akranesi. Sigurbjörn, sem er á 93. aldursári, prédikaði við þetta tækifæri og fór lofsamlegum orðum um dvöl sína og kynni af fólkinu í þessum bæ.

Einnig afhjúpadi Sigurbjörn ræðupúlt sem Kirkjunefnd kvenna færði Akraneskirky að gjöf við þetta tækifæri – og blessaði það. Guðrún Engilbertsdóttir, formaður kirkjunefndarinnar, afhenti með nokkrum orðum þennan glæsilega og eigulega grip sem er hannaður og unninn af Stefáni Boga Stefánsyni, gullsmið í Reykjavík. Í undirbúningsnefnd voru þær Bryndís Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Sigfríð Stefánsdóttir.

Í lok guðsþjónustunnar, sem var fjölsótt, afhenti Indriði Valdimarsson, skrifstofustjóri Akraneskirky, Sigurbirni gjöf frá söfnuðinum sem þakk-lætisvott fyrir dygga þjónustu hans á sínum tíma og vináttu í garð Akurnesinga.

Núverandi sóknarprestur, sr. Eðvarð Ingólfsson, og fyrrverandi sóknarprestur, sr. Björn Jónsson, þjónuðu báðir fyrir altari í athöfninni.



Að guðsþjónustu lokinni bauð Kirkjunefnd kvenna til kaffisamsetis í Safnaðarheimilinu Vínaminni.



Erla Björk Gísladóttir nýstúdent:

Stöndum vörð um sjálfstæðið!

Hátíðarræða í Akraneskirkju 17. júní 2003



Góðir gestir, gleðilega þjóðhátið!

Nú fögnum við því að liðin eru 59 ár frá því að við Íslendingar urðum sjálfstæð þjóð. Á þessum tíma hefur margt breyst. Við ættum öll að gefa gaum að þjóðhátiðardegnum sem haldinn er á afmælisdegi þjóðhetjunnar, Jóns Sigurðssonar. Það er mikil saga og barátta á bak við það að við öðluðumst sjálfstæði á sínum tíma.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var ekki létt. Lengi vel börðumst við gegn undirokun Dana. Þessi barátta hófst við undirritun Gamla sáttmála en fór fyrst að sýna einhvern árangur 1874 þegar ný stjórnarskrá tók gildi. Við fengum svo Heimastjórn 1904 og einnig fyrsta ráðherrann. 1. desember 1918 tóku Sambandslögin gildi. Í þeim stóð eftirfarandi: „Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi við einn og sama konung.“ Lögunum var síðan sagt upp eftir síðari heimsstyrjöldina og lýðveldið Ísland varð til 17. júní 1944.

Eins og fyrr segir var þetta ekki létt og því skulum við standa vörð um sjálfstæðið. Við megum ekki einangrast. Við höldum best sjálfstæði okkar með miklu og áhrifaríku samstarfi við aðrar þjóðir með þátttöku á sem flestum sviðum, hvort sem um er að ræða viðskiptasamstarf, hjálparstarf við þjóðir sem þurfa á því að halda, eða á vísinda- eða listasviði. Ég er

sannfærð um að með þessu móti varðveitum við best sjálfstæði okkar um langa framtíð.

Nú er gott að lifa á Íslandi en að sjálfsögðu fylgja því bæði kostir og gallar. Það er enn of langt bil á milli þeirra sem eru betur settir og hinna sem minnst hafa. Þá er ég m.a. að tala um það eldra fólk sem ekki nýtur nema takmarkaðs lífseyrisréttar, ég er að tala um öryrkja og ég er að tala um þá sem af einhverjum ástæðum búa við atvinnuleysi. Það á jafnt að ganga yfir alla, það á að ríkja jafnrétti í þessu landi! Í auðugu þjóðfélagi, eins og okkar, er nauðsynlegt að koma í veg fyrir fátækt og ójafnrétti!

Á Íslandi, okkar ástkæra landi, eru mörg tækifæri sem hægt er að nýta. Við höfum hreint vatn, tært loft og mikið víðerni, gjöful fiskimið og jarðvarma sem er meira af hjá okkur en flestum öðrum þjóðum.

Við verðum að huga vel að nýtingu þess sem okkur finnst sjálf-sagt. Við skulum, þegar við komum út undir bert loft nú á eftir, hugsa til þeirra sem búa við skort á regni. Einnig skulum við hugsa til fólks sem lifir við alltof mikinn hita eða mengun af umferð sem er svo kæfandi í mörgum borgum í Asíu að fólk nær vart andanum.

En okkar þjóð glímur líka við stórt og mikið vandamál - eins og heyra má í fréttum daglega. Það er fíkniefnavandinn! Við verðum að

berjast gegn honum. Ef við stöndum saman þá getum við sigrast á honum og öllum öðrum erfiðleikum sem að okkur stæðja.

Nýir tímar framundan

Nú er ég orðin stúdent og allt í einu þarf ég að fullorðnast og taka mínar eigin ákvarðanir. Það er alltof stutt síðan ég var bara 14 ára og gelgjan í hámarki. Þá fannst mér óralangt í stúdentsprófið! En tíminn leið ótrúlega hratt. Framundan er meira nám og ég ætla að læra eitthvað sem mér finnst bæði spennandi og áhugavert. Ég get ekki beðið eftir því að henda mér út í djúpu laugina og byrja á þessu öllu saman.

Fyrir 4 árum stóð Karl Kristinn Kristjánsson, frændi minn heitinn, í þessum sama stól og flutti ræðu sem fulltrúi nýstúdenta, líkt og ég er að gera í dag. Kalli, eins og hann var alltaf kallaður, var fyrirmynd mín. Hann var sko Kalli „frændi minn!“ og ég var stolt af því að geta sagt það við vinkonur mínar.

Þegar presturinn bað mig að halda ræðu á þessum degi, þá fannst mér það vera mikill heiður að fá að standa í sömu sporum og Kalli og gegna þessu hlutverki. Mér finnst því við hæfi að enda þessa ræðu á sömu orðum og hann gerði á sínum tíma:

„Verum hamingjusöm, njótum þess að vera til, því lífið brosir við okkur!“

Guð veri með ykkur!

Hjónavígslur í Garða- prestakalli 2003

25. jan.: Ásgeir Samúelsson og Halla Guðrún Hallvarðsdóttir, Leynisbraut 28.
 1. feb.: Guðmundur Rúnar Hjörleifsson og Þórdís Árný Örnólfsdóttir, Garðabraut 26.
 8. feb.: Theodór Freyr Hvarsson og Krístrún Dögg Marteinsdóttir, Einigrund 19.
 15. mars: Bjarni Ingi Björnsson og Ingibjörg Kristín Barðadóttir, Stekkjarholti 14.
 15. mars: Bergþór Helgason og Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, Ásabraut 5.
 31. maí: Sveinbjörn Rögnvaldsson og Sýlvía Björg Kristinsdóttir, Brekkubraut 8.
 31. maí: Gunnar Sturla Hvarsson og Christel Björg Rúdólfssdóttir, Skarðsbraut 3.
 28. júní: Alexander Högnason og Ragnheiður Helga Guðjónsdóttir, Melteigi 6.
 28. júní: Ágúst Jóhann Auðunsson og Eva Lind Vestmann, Stekkjarholti 2.
 28. júní: Guðmundur Reynir Georgsson og Dagný Ósk Halldórsdóttir, Eggertsgötu 8, Reykjavík.
 29. júní: Guðmundur Benediktsson og Kristín Guðmundsdóttir, Esjubraut 29.
 5. júlí: Reynir Þrastarson og Sigríður Helga Sveinsdóttir, Hálsaseli 18, Reykjavík.
 19. júlí: Gunnar Bergmann Steingrímsson og Lára Elín Guðbrandsdóttir, Vallarbraut 3.
 26. júlí: Hugí Árbjörnsson og Petrína Kristín Sigurðardóttir, Suðurgötu 17.
 26. júlí: Ólafur Davíð Jónsson og Margrét Bjarnadóttir, Laufengi 29, Reykjavík.
 9. ágúst: Bergsteinn Metúsalemsson og Rannveig Sigurjónsdóttir, Esjubraut 15.
 9. ágúst: Bergur Hinriksson og Lóa Kristín Ólafsdóttir, Austurvegi 4, Grindavík.
 24. ágúst: Bjarni Þór Bjarnason og Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir, Skólalabraut 22.
 6. sept.: Elías Borgar Ómarsson og Sesselja Andrésdóttir, Jaðarsbraut 15.
 6. sept.: Ingþór Bergmann Þórhallsson og Jóhanna Sigurvinsdóttir, Vallholti 13.
 27. sept.: Björn Almar Sigurjónsson og Guðjóna Kristjánsdóttir, Jörundarholti 156.
 7. okt.: Árni Aðalsteinsson og Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir, Vesturgötu 144.
 17. okt.: Sigurvin Rúnar Leifsson og Sigríður Berglind Birgisdóttir, Reynigrund 9.
 18. okt.: Hjálmar Rögnvaldsson og Guðrún Einarssdóttir, Furu-grund 39.
 22. des.: Gunnar Jóhann Viðarsson og Þorbjörg Ragnarsdóttir, Bjarkargrund 43.
 27. des.: Hafsteinn Þórisson og Gréta Jóhannesdóttir, Lerkigrund 2.

Leiðrétting:

Í síðasta safnaðarblaði var einn brúðguminn, Haraldur Valtýr, sagður Haraldsson en hann er Hinriksson. Það leiðréttist hér með. Hann kvæntist Hrönn Hafliðadóttur á jóladag 2002.

Á lista yfir brúðhjón 2002, sem birtist í sama blaði, vantaði nöfn einna brúðhjóna. Þau giftu sig 6. júlí og heita: Justin Lawrence Coker og Guðrún Ingimarsdóttir og eiga heima í Manchester, Englandi.

Myndir úr ýmsum áttum



Starfsfólk Akraneskirky á Búðum á Snæfellsnesi í ágúst í fyrra. Farið var í dagsferð á heimaslóðir Magneu og sr. Eðvarðs undir Jökli – en þau eru bæði uppalin á Hellissandi. Presturinn tók þessa mynd!



Sóknarpresturinn á berjamó í sömu ferð undir Jökli.



Frá tónleikum Kirkjukórs Akraness í Blöndu-óskirkju í fyrrasumar. Fjórar söngglaðar stelpur!



Kvöldvaka Æskulýðsdags kirkjunnar var haldin 7. mars sl. Gospelkór Akraness söng.

Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup:

Hér er mikið að þakka

*Prédikun flutt í Akraneskirky á
allra heilagra messu, 2. nóvember 2003*

Það er sérstök hátíð fyrir mig og æði mikil að fá að vera með ykkur hér í dag. Ég hef átt svo margar stundir í þessari kirkju, sem urðu mér dýrmætar og ég minnst í þakkarhug. Og nú eru rétt 50 ár síðan ég tók að mér að þjóna hér til bráðabirgða, ég var tregur til þess, þóttist hafa ærinn starfa fyrir, en biskup minn, herra Sigurgeir, lagði að mér og ég lofaði að leysa bráðan vanda yfir sumartímann. Tíminn varð lengri, hálft ár, annasamt missiri en ríkt og bjart í minningu minni.

Ég naut þeirrar hlýju, sem stafaði frá prestshjónunum, frú Lilju og sr. Jóni, viðmót og gestrisni framámanna í safnaðarmálum, karla og kvenna, og lipurð starfsfólksins við kirkjuna varð mér óblandin gleði. Enn sé ég fyrir mér andlitin mörg, sem ég hafði hér fyrir framan mig í bekkjunum hvern helgan dag. Flest eru þau blessuð andlit horfin nú úr jarðneskri auglýn. Guð blessi alla þá vini í eilífu musteri sínu og allt, sem þeim er hjartfólgið hér á jörð.


Þessi dagur, allra heilagra messa, er frá upphafi þakkarhátíð fyrir það fólk, sem kristnin almennt á mikið að þakka og hefur blessað samferðamenn sína og eftirkomandi kynslóðir með fordæmi sínu og hollum áhrifum. Og þegar hugsað er til þeirra í eilífðinni hljótum við jafnframt, hvert um

síð, að minnast ástvina, sem eru horfnir inn í sömu eilífð, og allra, sem hafa verið blessun í lífi okkar persónulega.

Hér á Akranesi hefur þessi dagur verið og er kirkjudagur jafnframt og kirkjudagur er til þess valinn og gefinn að minna á það, sem söfnuður á að þakka sér á parti og sækja sér styrk og uppörvun í þær minningar. Þá er vert að minnast þess, að Akranes á lengri kristnisögu en flestar aðrar byggðir Íslands, það var numið í öndverðu af kristnum mönnum, þeir festu sér ból í Jesú nafni og helguðu honum landið. Þar eru nafngreindir menn með góðan þokka, Jörundur kristni og frændi hans, Ásólfrur alskik, sem flúði hingað í kristið skjól undan ofsóknum heiðinna manna austur í sveitum.

Jesús Kristur á Ísland allt frá upphafi, það var með eftirminnilegum hætti vottfest hér á nesinu með þessu fallega nafni, sem minnir á ræktun, grósku, minnir á, að Jesús tekur líkingu af sáðlandi og sáningu, af sáðkornum, lífsfræum, þegar hann talar um ríki sitt. Frá upphafi mannlífssögu á þessu nesi hefur verið beðið um það, að hér mætti hann eiga akur, frjóa sáðjörð, að hér væru hjörtun opin fyrir orði hans og fús að fylgja honum á guðsríkisbraut.

Hvert er svarið við þeirri bæn nú? Engin ósk er æðri til en að sú bæn sé og verði heyrð og uppfyllt



hjá þeim, sem á hverjum tíma lifa og starfa hér.

En nesið akranna er líka skagi skipanna, Skipaskagi. Hér sóttu menn björgina í sjóinn við meiri mannraunir og háska en moldin krafðist. Þá er nærtækt að minnast þess, að þeir fyrstu sem fylgdu Jesú voru fiskimenn. Þegar hann kynnti í upphafi sína miklu áætlun um að nema allan heiminn, útbreiða ríki kærleika síns um alla jörð, kvaddi hann fiskimenn til að hefja það verk. Og þeir gáfu sig honum á vald og við það að gefast honum að fullu gátu þeir síðan gefið heiminum meiri auð en aðrir menn. Litla bókin, sem er runnin frá þeim, Nýja testamentið, er dýrmætust sameign mannkyns. Það er ekki mögulegt að auðgast af neinu eins og því að gefa sig á vald þeim anda, sem þar talar og kallar og býður sig fram sem gjöf, lífgjöf sál-ar. Ef hann fær sanna áheyrn og rétt tók, hvað gerist þá? Það vita allir, sem vilja vita. Og hvað svo? Hvað gerist síðan? Hverju svörum við, þegar Drottinn spyr og biður?

Hér á Skipaskaga voru engir postular undir árum. En Jesús var hér, hann var kallaður til hvenær sem fleytu var ýtt á flot og hann var andlega kjölfestan, brimvörn-in, lífakkerið, það hafa sjómenn hér og sjómannakonur reynt og játað, hann var athvarfið sem ekki brást í neinni þraut eða harmi, hvorki í lífi né dauða.

Einn sem reri hér á Skaga sagði:

*Jesús minn trúr eynd allri úr
einn kanntu mig að leysa.
Vertu mér næst, þá hér sem hæst
hafsins bylgjurnar geysa.*

Þetta er í sálmi, sem er í Sálma-bókinni (nr. 496), það var Hallgrímur Pétursson, sem orti. Ég er ekki að segja, að hann hafi ort hann hér, en hér var hann vertíðar- maður, reri ungur hjá Árna Gísla- syni á Ytra-Hólmi, miklum öðlingsmanni, sem reyndist Hallgrími manna best. Trúverðugar frásögur gefa til kynna, að hér hafi menn tekið eftir þeim andlegu yf- irburðum Hallgríms, sem þjóðin öll átti eftir að falla fyrir. Hann var ekki orðinn prestur þá, en á helg- um dögum, eftir messuna hjá prestinum í Görðum, fékk Árni á Ytra-Hólmi Hallgrím til að pré- dika þar heima hjá sér og þangað flyktist fólk úr kotunum til að hlusta á hann.

Ef til vill var það almúgin hér, sem fann fyrst þá náð heilags anda, sem fylgir orðum Hallgríms.

Mér kemur í hug annar maður, sem kristni landsins á líka mikið að þakka, séra Friðrik Friðriksson. Mér er minnisstætt, hvernig hann talaði um Akranes, honum þótti gott að dveljast og starfa hér, hann fann hér hljómgrunn fyrir boðskap sinn, það mat hann mest, þó að hann væri líka þakklátur fyrir að bæjarfélagið skyldi veita honum þá viðurkenningu, sem það mátti mesta veita.

Enn á ég eftir að minnast þess, að þeir sóknarprestar, sem um mína daga hafa þjónað Akranesi voru hver af öðrum og hver með sínu móti í allra fremstu röð með- al samtíðarmanna í sinni stétt. Og það er mér einlæg gleði að vita, hvernig núna er skipað sæti þeirra góðu, traustu, mikilhæfu og mikil- virku presta, sem ég man og átti að vinum á Akranesi.

Hér er mikið að þakka á kirkju- degi. Ríkuleg arfleifð, mikil áþreif- anleg náð á liðinni tíð á að vekja,

styrkja, hvetja, brýna. Þegar við erum að rifja upp nokkuð af því, sem Akranessöfnuður hefur þegið, kannski umfram aðra, þá erum við að biðja um það, að hér dafni safn- aðarlíf og trúarlíf, kannski umfram það sem gerist, í allri auðmýkt sagt, líf, sem verði áþreifanleg blessun þessa bæjar í nútíð og framtíð og öðrum söfnuðum landsins til örvunar og fyrir- myndar.

Saga kristinnar kirkju á geisla, sem engir hafa bjartari skinið frá mennsku lífi og starfi á þessari jörð. Og þeir geislar lýsa ekki sem leiftur um nótt í fortíð sem fjar- lægist meir og meir eftir því sem aldirnar líða. Þeir eru yfir og allt um kring. Við játum trú á samfé- lag heilagra, sú heilaga, almenna kirkja, sem við eigum að móður, er jarðnesk, en fyrst og fremst him- nesk, þar eru allir Drottins englar og öll hans hólpín hjörð, sá mikli múgur, sem enginn fær tölu á komið, ómælanlega björt fylking himneskra sveita, sem fylgist með og biður fyrir þér og mér og þráir að við þiggjum að vera í samfélagi með þeim. Og það erum við ein- mitt að þiggja þegar við förum í kirkju, hvenær sem við biðjum, saman í helgu húsi eða hvert um sig í einrúmi. Þá erum við að taka undir við þann frelsara, þann heilaga anda, þá kirkju í dýrðinni, sem biður án afláts fyrir hverjum og einum. Það skulum við muna. Þegar ég fer með bænaversin mín, sem ég lærði í bernsku og hafa stutt mig og blessað ævilangt, þá minnst ég þess, að þegar ástvinir kenndu mér þessar bænir voru þeir að biðja fyrir mér. Því vil ég ekki gleyma. Og það er víst, að enginn getur glatt og heiðrað hofna ást- vini með öðru meira en því að taka undir fyrirbæn kærleikans fyrir sér og vilja opna sál sína fyrir eilífri hjálp, vilja bænheyra kærleikann, sjálfan Guð, og alla, sem tilbiðja hann í eilífu, sigrandi ljósi hans.

Biðjum um náð til þess að veita þá gleði og njóta þeirrar gleði að eilífu.

Fróðleiks- molar úr sögu Akranes- kirkju

Sóknarprestar frá 1886:

Jón A. Sveinsson 1886-1921
Þorsteinn Briem 1921 til 1946
Jón M. Guðjónsson 1946 til 1975
Björn Jónsson 1975 til 1997
Eðvarð Ingólfsson frá 1997

Organistar frá 1923:

Ólafur B. Björnsson 1923-1931
Jóhann B. Guðnason 1932-1934
Bjarni Bjarnason 1935-1960
Haukur Guðlaugsson 1960-1982
Jón Ólafur Sigurðsson 1982-1992
Einar Örn Einarsson 1989-1990
Haukur Guðlaugsson 1992-1993
Katalin Lörincz 1993-2001
Hannes Baldursson 2002
Sveinn Arnar Sæmundsson
frá 2002

Kirkjuverðir frá 1965:

Magnús Jónsson 1965-1971
Ragnheiður Guðbjartsdóttir
1971-1986
Jón Jóhannsson 1987-1989
Ragnheiður Guðbjartsdóttir
1989-1990
Þorgils Stefánsson 1989-1990
Jón Jóhannsson 1990-1991
Ragnheiður Guðbjartsdóttir
1991-1992
Þórný Elísóttir frá 1992

Útfararstjórar frá 1974:

Halldór Jørgensson 1974-1986
Þorbergur Þórðarson 1987-1994
Elías Jóhannesson 1994-2001
Indriði Valdimarsson frá 2001

Blómlegt starf hjá kirkjukórnum

Starf kirkjukórsins hefur verið í miklum blóma. Kórinn syngur að jafnaði við fimm guðsþjónustur í mánuði (guðsþjónusta á Höfða meðtalin) og er honum skipt upp í 3 hópa. Auk þess að leiða söng við helgihaldið hefur kórinn verið virkur við veraldlega sönginn líka. Tvö kaffihúsakvöld voru haldin á síðasta ári, í apríl og október, og tókust þau afar vel. Fóru kórfélagar þar á kostum í kökubakstri, söng og leik og var húsfyllir í bæði skiptin.

Farin var söngferð í Skagafjörðinn í júní í fyrra og haldnir tónleikar á Löngumýri, auk þess sem sungið var í Blönduóskirkju á leiðinni norður.

Fyrir jól var ráðist í að flytja Jónaóráttur eftir Camille Saint-Saëns með kammersveit og einsöngvörum. Voru þeir tónleikar haldnir 14. desember í Vinaminni og heppnuðust mjög vel. Voru þessir tónleikar tvískiptir. Fyrst var jólaóráttin flutt og síðan voru sungnir fallegir jólasálmur. Gafst tónleikagestum færi á að taka undir í sálmunum með flytjendunum. Var mikill kraftur í söngnum og myndaðist góð stemmning í Vinaminni þetta kvöld. Er það mál manna að þar hafi hinn ungi organisti og kórstjóri, Sveinn Arnar Sæmundsson, unnið mikinn tónlistarsigur og sýnt og sannað hvað í honum býr! Var hann klappaður upp hvað eftir annað ásamt öðrum flytjendum.

Á aðalfundi kórsins fyrir stuttu var kjörin ný stjórn. Hana skipa: Ingimar Magnússon formaður, Ólöf Agnarsdóttir varaformaður, Bjargey Magnúsdóttir gjaldkeri, Guðný Ólafsdóttir ritari og Eyþór S. Eyþórsson meðstjórnanndi.

Í Kirkjukór Akraness eru nú 40 manns og eru aðalæfingar kórsins á fimmtudagskvöldum. Æfir kórinn núna af kappi fyrir söngferð til Færeyja sem verður farin á vormánuðum.



Sveinn Arnar.



Frá jólatónleikum Kirkjukórs Akraness 2003.

Myndir úr ýmsum áttum



Frá vísitastu Biskups Íslands, hr. Karls Sigurbjörnssonar, á Akranesi vorið 2002. Við skátamessu á sumardaginn fyrsta.



Önnur mynd úr vísitastu biskups. Fyrirtæki Haraldar Böðvarssonar var heimsótt. Með biskupsþjónunum á myndinni er Haraldur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.



Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, tollgæslumaður, spjallaði við feringarbornin á adventunni um fíkniefnavandann. Hann bað bænir með börnunum og tók lagið fyrir þau!



Fundað er í Æskulýðsfélagi Akraneskirky og TTT-starfinu (fyrir 10-12 ára börn) einu sinni í viku. Hér eru mynd af hressum stelpum á fundi í æskulýðsfélaginu.



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 30. mars 2003 kl. 10:30.
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.*



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 30. mars 2003 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 6. apríl 2003 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 6. apríl 2003 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 13. apríl 2003 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 13. apríl 2003 kl. 14.

Fermingarbörn á Akranesi 2004

Sunnudagur 28. mars, kl. 10.30

Andri Geir Alexandersson, Ásabraut 21.
(For.: Anna Júlía Þorgeirsdóttir og Alexander Eiríksson)
Arnþór Ingi Kristinsson, Lerkigrund 7.
(For.: Erna Sigurðardóttir og Kristinn Jakob Reimarsson)
Aron Ýmir Pétursson, Jörundarholti 113.
(For.: Gunnhildur Björnsdóttir og Pétur Sigurðsson)
Ápena Ragna Júlíusdóttir, Akurgerði 10.
(For.: Evelyn R. Sullivan og Júlíus Sólberg Sigurðsson)
Birgir Ólafur Pétursson, Arnarholti 3.
(For.: Kristín Dagný Þorlákssdóttir og Pétur Kristján Kristjánsson)
Bjartmar Már Björnsson, Grenigrund 35.
(For.: Guðrún Hlíf Gunnarsdóttir og Björn Sigurður Vilhjálmsson)
Björn Jónsson, Jaðarsbraut 23.
(For.: Elsa Jóna Björnsdóttir og Jón Hugi Svavar Harðarson)
Hildur Jónsdóttir, Jörundarholti 34.
(For.: Jón Ágúst Þorsteinsson og Sigríður Sigurðardóttir)
Jóhann Ólafur Benjamínsson, Lerkigrund 1.
(For.: Bylgja Kristófersdóttir og Benjamín Ölvérsson. Fósturf.: Björn Helgi Guðmundsson)
Jón Birkir Bergþórsson, Bjarkargrund 28.
(For.: Bergþór Guðmundsson og Bryndís Rósa Jónsdóttir)
Katrín Dúa Sigurðardóttir, Vesturgötu 152.
(For.: Sigrún Aðalheiður Ámundadóttir og Sigurður Hermannsson)

Sunnudagur 28. mars, kl. 14

Auðunn Birgisson, Heiðarbraut 39.
(For.: Ágústa Árnadóttir og Birgir V. Birgisson. Fósturf.: Sigurður H. Bjarnason)
Guðjón Helgi Guðmundsson, Lækjarskógi, 371 Búðardal
(For.: Svanhildur Anna Sveinsd. og Guðmundur Brynjólfsson. Fósturf.: Sigurður Gunnar Magnússon)
Hafþór Örn Jónsson, Heiðargerði 24.
(For.: Þórunn Selma Hrafnkelsd. og Jón Ágúst Berg Jónsson)
Halldór Ragnar Guðjónsson, Vogabraut 28.
(For.: Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir og Guðjón Heiðar Guðmundsson)
Jóhann Skúli Björnsson, Jörundarholti 152.
(For.: Björn Guðmundsson og Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir)
Jón Már Brynjólfsson, Garðabraut 4.
(For.: Brynjólfur Jónsson og Inga Dóra Steinþórsdóttir)
Kristín Edda Egilsdóttir, Jörundarholti 35.
(For.: Borghildur Birgisdóttir og Egill Steinar Gíslason)
Maren Helga Guðmundsdóttir, Jörundarholti 42.
(For.: Arndís Þorsteinsd. og Guðmundur Egill Ragnarsson)
Ragnar Þór Gunnarsson, Bjarkargrund 43.
(For.: Þorbjörg Ragnarsdóttir og Gunnar Jóhann Viðarsson)
Regína Ösp Ásgeirsdóttir, Einigrund 21.
(For.: Ágústa Björg Kristjánsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson)
Þorleifur Þorbjörnsson, Jörundarholti 37.
(For.: Eyrún Helga Þorleifsdóttir og Þorbjörn Svanur Jónsson)

Sunnudagur 4. apríl, kl. 10.30

Alex Freyr Þórsson, Kirkjubraut 37.
(For.: Þór Reynisson og Svala Pálsdóttir)
Auður Elísa Harðardóttir, Skarðsbraut 9.
(For.: Þóra Björg Elísdóttir og Hörður Harðarson)
Ása Katrín Bjarnadóttir, Vesturgötu 115b.
(For.: Valgerður Olga Lárusdóttir og Bjarni Einar Gunnarsson)
Áspór Elvarsson, Kirkjubraut 4.
(For.: Elvar Þór Þorleifsson og Sigrún Eygló Guðmundsdóttir)
Emil Kristmann Sævarsson, Jörundarholti 135.
(For.: Sævar Jónsson og Gerður Helga Helgadóttir)
Guðjón Þór Ólafsson, Jörundarholti 6.
(For.: Hrafnhildur Geirsdóttir og Ólafur Rúnar Guðjónsson)
Hákon Ingi Hjartarson, Merkurteigi 8.
(For.: Hjörtur Júlíusson og Kristín Pálína Magnúsdóttir)
Helga María Skúladóttir, Jörundarholti 32.
(For.: Skúli Skúlason og Margrét Guðríður Rögnvaldsdóttir)
Hulda María Ásgeirsdóttir, Skarðsbraut 13.
(For.: Rakel Hilmarsdóttir og Ásgeir Breiðfjörð Rúnarsson)
Lilja Rún Jónsdóttir, Esjuvöllum 5.
(For.: Arnþróður Kristjánsdóttir og Jón Ellert Guðnason)
Rúna Dís Þorsteinsdóttir, Jörundarholti 4.
(For.: Sigurey Guðrún Lúðvíksdóttir og Þorsteinn K. Jóhannsson)
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir, Vesturgötu 63a.
(For.: Fjóla Lúðvíksdóttir og Jóhann Þór Sigurðsson)
Stefanía Hallgrímsdóttir, Dalbraut 49.
(For.: Maríaanna Ellingsen og Hallgrímur Hallgímsson. Fósturf.: Sigurður B. Gylfason)
Sunna Dís Jensdóttir, Jörundarholti 111.
(For.: Jens Heiðar Ragnason og Sonja Sveinsdóttir)
Sölvi Már Sigurjónsson, Jörundarholti 40.
(For.: Brynja Guðmundsdóttir og Sigurjón Runólfsson)
Ögmundur Sveinsson, Bjarkargrund 2.
(For.: Sveinn Arnar Knútsson og Elín Sigurbjörnsdóttir)

Sunnudagur 4. apríl, kl. 14

Aðalsteinn Sigurgeirsson, Reynigrund 38.
(For.: Sigurgeir Jóhann Aðalsteinsson og Guðbjörg Unnur Kristjánsdóttir)
Brynjar Sveinsson, Vesturgötu 59.
(For.: Helga María Magnúsdóttir og Sveinn Gíslason)
Daníel Þorgeir Arnarson, Kirkjubraut 21.
(For.: Íris Arthúrsdóttir og Örn Jónsson)
Eyþór Björgvinsson, Presthúsabraut 31.
(For.: Björgvin Ólafur Eyþórsson og Ragnheiður Gunnarsdóttir)
Haraldur Már Haraldsson, Mánabraut 5.
(For.: Ásta Hrönn Jónsdóttir og Haraldur Aðalsteinsson. Fósturf.: Björn Gunnar Pálsson)
Inga Þóra Lárusdóttir, Furugrund 12.
(For.: Sveinborg Lára Kristjánsdóttir og Lárus Ársælsson)
Kolbrún Línal Guðjónsdóttir, Mánabraut 11.
(For.: Oddný Garðarsdóttir og Guðjón Sæberg Finnbogason)

Leifur Guðni Grétarsson, Sunnubraut 8.

(For.: Heiðbjört Kristjánsdóttir og Grétar Guðni Guðnason)

Ólafur Dór Baldursson, Jörundarholti 176.

(For.: Sigrún Ríkharðsdóttir og Baldur Ragnar Ólafsson.

Fósturf.: Árni Þór Sigmundsson)

Reynir Ver Jónsson, Hjarðarholti 6.

(For.: Nína Borg Reynisdóttir og Jón Örn Arnarson)

Steinunn Guðmundsdóttir, Krókatúni 18.

(For.: Sigurlína Guðrún Júlíusdóttir og Guðmundur Páll Jónsson)

Sunnudagur 18. apríl, kl. 10.30

Ármann Örn Bjarnarson, Suðurgötu 90.

(For.: Björn Baldursson og Bryndís Sveinsdóttir. Fósturm.: Sæunn I. Sigurðardóttir)

Diana Georgsdóttir, Vesturgötu 25.

(For.: Helga Haraldsdóttir og Guðmundur Georg Guðmundsson)

Einar Karl Einarsson, Reynigrund 31.

(For.: Einar Jónsson og Guðrún K. Guðmundsdóttir)

Guðrún Drífa Halldórsdóttir, Steinsstaðflöt 8.

(For.: Guðlaug S. Sigurjónsdóttir og Halldór Ólafsson)

Heiður Haraldsdóttir, Grenigrund 7.

(For.: Lilja Björk Högnadóttir og Haraldur Friðriksson)

Hörður Kári Harðarson, Presthúsabraut 32.

(For.: Jóhanna Kristófersdóttir og Hörður Kristinn Harðarson)

Ívar Haukur Sevarsson, Reynigrund 10.

(For.: Vilborg Ragnarsdóttir og Sævar Ríkharðsson)

Kristín Þóra Jóhannsdóttir, Bakkatúni 6.

(For.: Jóhann Hafsteinn Hafsteinsson og Jörunn Petra Guðmundsdóttir)

Kristján Huldur Aðalsteinsson, Háholti 21.

(For.: Aðalsteinn Huldarsson og Elísabet Sigríður Kristjánsdóttir)

Ólafur Helgi Halldórsson, Furugrund 8.

(For.: Steinunn Helga Ólafsdóttir og Halldór Júlíus Hauksson)

Ólafur Valur Valdimarsson, Vesturgötu 51.

(For.: Ragnheiður Ósk Helgadóttir og Valdimar Magnús Ólafsson)

Ómar Örn Helgason, Ósi 3.

(For.: Olga Magnúsdóttir og Helgi Ómar Þorsteinsson)

Ragnar Harðarson, Sunnubraut 12.

(For.: Guðrún Margrét Jónsdóttir og Hörður Ragnarsson)

Þorbjörn Heiðar Heiðarsson, Grenigrund 15.

(For.: Guðberg Heiðar Sveinsson og Þorbjörg Helgadóttir)

Sunnudagur 18. apríl, kl. 14

Andrés Már Harðarson, Grenigrund 41.

(For.: Ágústa Rósa Andrésdóttir og Hörður Svavarsson)

Andri Már Jóhannsson, Garðabraut 29.

(For.: Sigríður Helga Sigfúsdóttir og Jóhann Albert Finnbogason)

Aníta Sif Elísdóttir, Vesturgötu 129.

(For.: Elí Þór Þórisson og Kristín Birna Gísladóttir)

Erna Frimannsdóttir, Vesturgötu 158.

(For.: Lára Kristín Guðmundsdóttir (†) og Jóhann Frimann Jónsson. Fósturm.: Helga Héðinsdóttir)

Hreggviður Haukur Rúnarsson, Vesturgötu 145.

(For.: Jóhanna Steinunn Hauksdóttir og Rúnar Hreggviðsson. Fósturf.: Þröstur Unnar Guðlaugsson)

Karín Hena Árnadóttir, Lerkigrund 5.

(For.: Sonja Pétursdóttir og Árni Björgvin Halldórsson)

Karl Þór Jóhannesson, Viðigerði 3.

(For.: Ragnhildur Bjarnadóttir og Jóhannes Hreggviðsson)

Leó Daðason, Furugrund 14.

(For.: Kristrún Sigurbjörnsdóttir og Daði Halldórsson)

Oddný Björg Hjálmarsdóttir, Stekkjarholti 14.

(For.: Ingibjörg Kristín Barðadóttir og Hjálmar Hauksson. Fósturf.: Bjarni Ingi Björnsson)

Sunnudagur 25. apríl, kl. 14

Bjarki Sigmundsson, Grenigrund 3.

(For.: Brynhildur Björg Jónsdóttir og Sigmundur Ámundason)

Eyrún Jónsdóttir, Háholti 19.

(For.: Helga Sesselja Ásgeirsdóttir og Jón Karl Svavarsson)

Finnur Kleifar Björgvinsson, Furugrund 2.

(For.: Steinunn O. Guðmundsd. og Björgvin Sveinn Jónsson)

Guðmundur Dagur Jóhannsson, Höfðabraut 5.

(For.: Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir og Jóhann Guðmundsson)

Hulda Halldórsdóttir, Jörundarholti 121.

(For.: Petrea Emilía Pétursdóttir og Halldór Stefánsson)

Kári Víkingur Sturlaugsson, Bjarkargrund 30.

(For.: Jóhanna Hugrún Hallsd. og Sturlaugur Sturlaugsson)

Marínó Freyr Jóhannesson, Kirkjubraut 7.

(For.: Jóhannes M. Simonsen og Þórdís Skúladóttir)

Óttar Ísak Ellingsen, Jaðarsbraut 37.

(For.: Óttar Már Ellingsen og Gróa Guðbjörg Þorsteinsdóttir)

Pétur Rafnsson, Háholti 25.

(For.: Guðný Rún Sigurðardóttir og Finnbogi Rafn Guðmundsson)

Ragna Lóa Sigmarsdóttir, Reynigrund 33.

(For.: Sigmar Jóhannesson og Lára Dóra Oddsdóttir)

Sara Lía Ævarsdóttir, Stekkjarholti 3.

(For.: Heiðveig Erla Brynjólfsdóttir og Ævar Guðjónsson)

Sigurður Vigfús Sigurðsson, Laugarbraut 16.

(For.: Steinunn Ólafsdóttir og Sigurður Sveinn Sverrisson)

Sigurrós Harpa Sigurðardóttir, Presthúsabraut 38.

(For.: Ásta María Einarsdóttir og Sigurður Björn Þórðarson)

Sindri Albertsson, Jörundarholti 184.

(For.: Ásta Pála Harðardóttir og Albert Sveinsson)

Teitur Stímon Óskarsson, Jörundarholti 114.

(For.: Þórgunnur Óttarsdóttir og Óskar Gíslason)

Trausti Geir Jónasson, Jörundarholti 104.

(For.: Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir og Jónas Geirsson)

Trausti Sigurbjörnsson, Leynisbraut 7.

(For.: Svandís Ásgeirsdóttir og Sigurbjörn Guðmundsson)

Verða fermd í sumar

Erna Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Bretlandi.

Tjörvi Guðjónsson, Bretlandi.



The Stokes
Annie Probst/CPI

Myndaðu fjársjóð!

Fermingin markar tímamót á margan hátt og þá er gott að huga að verkefnum framtíðarinnar: Bílprófinu, fyrsta bílnum eða útborgun í fyrstu íbúðinni. Þess vegna er ráðlegt að fjárfesta strax í langtímasparnaði þar sem fermingarpeningarnir ávaxta sig jafnt og þétt. **Framtíðargrunnur** og **Sparibréf Landsbankans** eru skynsamlegir kostir.

Námufélagar á fermingarári sem leggja inn á **Framtíðargrunn** eða fjárfesta í **Sparibréfum** fyrir 31. maí verða með í lukkupotti. Í byrjun júní verða svo dregnir út **50 heppnir Námufélagar** sem fá **nýja 3200 myndavélasímann frá Nokia**.

Landsbankinn
s. 560 6000
www.landsbanki.is

